


# Málverk í fókus

Texti tæmist af merkingu þegar hann er endurtekinn oftar en góðu hófi gegnir, hversu innihaldsprunginn sem hann kann að vera. Þannig fer með ýmsa frasa sem notaðir eru um myndlist enda höfðar myndlist yfirleitt til annarra skilningsstöðva en þeirra sem fást við hið talaða orð. Hver kannast ekki við orðaleppinn „að reyna á þanþól listarinnar“ sem flutti í fyrstu ákveðin skilaboð en varð fljótlega að stimpli sem skellt var á allt sem ekki lá fullkomlega ljóst fyrir. Ögn skárra er kannski „að vinna með ytri mörk málverksins“ þó það sjónarhorn sé líka hætt að vera spennandi en sá merkimiði er einmitt hengdur á listmálarana fjóra á sýningunni „Rauðvík“ á Kjarvalsstöðum. Umrædd orð koma fram í ávarpsorðum forstöðumanna safnanna fjögurra sem að sýningunni standa og eru nokkuð dæmigerð fyrir það þegar spyrðá á saman hóp ólíkra manna.


## Gott vald á tækninni

Í sýningarskranni eru, auk ávarpsins, þrjár fróðlegar og skemmtilegar greinar og fylgir íslensk þýðing í sérprenti (sem hefði að ósekju mátt prófarkalesa). Lesandinn er samt engu nær um verkin eða þau listrænu skilaboð sem listamennirnir flytja þó augljóslega taki þeir allir sterka afstöðu til myndlistarinnar. Ég hef t.d. frétt að Hollendingurinn Johan van Oord vilji grafa undan abstraktlistinni með verkum sínum og hefði verið forvitnilegt að kynna þeim áætlunum hans.

Þrátt fyrir þessar umfangsmiklu, froðukenndu umbúðir er fengur að sýningunni. Verk listamannanna fjögurra eru áhugaverð og fara ágætlega saman þó fjörmennin eigi ekki endilega margt sameiginlegt annað en að hafa málaraárætna svo vel á valdi sínu að verkin virðist sáraföld. Daninn Claus Egemose er gagnstekinn af áferðinni og það er í raun ótrúlegt hversu fyrirhafnarlitið (eða þannig virðist það vera) hann fær strigann til að líta út til dæmis eins og tvíofið, munstrað silkiefni sem breytir um lit eftir því hvernig ljósið fellur á það. Hin finnska Nina Roos malar sín dulúðugu málverk á hvítt plexigler. Þykkt glersins gefur mál-



Johan van Oord: 166,2 (1998).



Nina Roos: Blíður (Bubbles).

## Myndlist

Áslaug Thorlacius

verkunum sérstaka dýpt því liturinn varpar skugga inn í undirlagið og þrátt fyrir að sumar mynda hennar séu afar sparlega málaðar búa þær yfir einstaklega yfirveguðu jafnvægi og fyllingu. Johan van Oord þverbrýtur gömul lögmál málalistarinnar, notar til dæmis einhvers konar kerfisbundna slembiaðferð við myndbygginguna og ekur penslinum af vélrænu öryggi um strigann og blandar litinn í leiðinni. Og ekki er að sjá annað en að Tumi hafi fullkomið vald á því að blanda olíulitinn í „krossfeidingu“ úr kaffibrúnu yfir í hlandgult (þó ekki noti hann kaffi og hland eins og sagt er í aðfaraorðunum).

Þetta er fyrsta sýningin í nýjum og breyttum sal en búið er að einfalda og bæta ljósabúnaðinn í loftinu og byggja nýja skilveggi, mun betri en þá gömlu. Uppsetningin er þó ekki gallalaus, til dæmis er myndröð Tuma algjör hornkerling þar sem hún hangir fyrir miðjum langveggnum vegna þess að eitt lausa skilrímið skiptir henni algjörlega í tvennt. Einnig hefði mátt velja verkin af meiri nákvæmni, sérstaklega veikir það hlut Egemose hve sundurleit verk hans eru. Hvað það varðar er framlag Tuma einna sterkast en hann sýnir aðeins tvö verk, áður nefnda málverkaröð og tölvaútprentaðar ljósmyndir sem breyta nýju skilveggjunum lymskulega í bjagaðar vekjarklukkur og síma.

Þetta er enginn heimsviðburður en samt fin sýning. Maður skyldi bara varast að láta umstangið og vaðalinn trufla sig en njóta verkanna með þeim viðtækjum heilans sem best eru til þess fallin.

Sýningin Rauðvík stendur til 27. feb. Ópið er alla daga kl. 12–18. Frítt inn á mánudögum.

## Ljóðatónleikar

Á miðvikudagskvöldið kl. 20.30 heldur Marta Guðrún Halldórsdóttir sópransöngkona ljóðatónleika í Salnum í Kópavogi. Hún nýtur aðstoðar þeirra Arnar Magnússonar píanóleikara og Einars Jóhannessonar klarinettleikara við ljóðasönginn og flytja þau verk eftir Mozart og Schubert.

Marta lauk einsöngvaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1988 og stundaði framhaldsnám við tónlistarháskólann í München um 5 ára skeið. Hún hefur haldið einsöngstónleika, komið fram á tónlistarhátíðum víða og gert hljóðritanir af nútímatónlist og tónlist fyrri tíma. Marta hefur einnig farið með aðalhlutverk í óperum og söngleikjum hjá Leikfélagi Akureyrar, Þjóðleikhúsinu og Íslensku Óperunni.

Þó að Marta hafi lagt höfuðáherslu á túlkun og flutning þýskra ljóða á námsárum sínum í München eru þetta fyrstu ljóðatónleikar hennar í fullri lengd frá því hún kom heim frá námi árið 1993.



## Hve glöð er vor æska

Svo bar við skómmu fyrir júl að út kom hjá Polarfonia hljómdiskur með söng Sigríðar Björnsdóttur, Hve glöð er vor æska. Þetta er fyrsta plata Sigríðar en það sem tíðindum sætir er að hún er fædd árið 1918 og upptakan er alveg ný. Flest lögín á plötunni eru klassísk íslensk sönglög eftir Sigvalda Kaldalóns, Inga T. Lárusson, Árna Þorsteinsson, Eyþór Stefánsson og fleiri. Úlrik Ólason leikur á píanó með Sigríði á plötunni.

„Í mínum huga er Sigríður gimsteinn sem hefur slípast við óblíð lífskjör,“ segir Sigmar B. Hauksson í grein í bæklingi með hljómdiskinum. „Þess vegna er túlkun hennar á íslenskum sönglögum einstök. Röddin er björt og óvenju tær ef það er haft í huga að Sigríður er 81 árs gömul. En það er tilfinningin í túlkuninni sem gerir að verkum að allir sem hlýða á söng hennar verða snortnir, í söng hennar heyrum við hinn sanna tón.“

„Í mínum huga er Sigríður gimsteinn sem hefur slípast við óblíð lífskjör,“ segir Sigmar B. Hauksson í grein í bæklingi með hljómdiskinum. „Þess vegna er túlkun hennar á íslenskum sönglögum einstök. Röddin er björt og óvenju tær ef það er haft í huga að Sigríður er 81 árs gömul. En það er tilfinningin í túlkuninni sem gerir að verkum að allir sem hlýða á söng hennar verða snortnir, í söng hennar heyrum við hinn sanna tón.“

„Í mínum huga er Sigríður gimsteinn sem hefur slípast við óblíð lífskjör,“ segir Sigmar B. Hauksson í grein í bæklingi með hljómdiskinum. „Þess vegna er túlkun hennar á íslenskum sönglögum einstök. Röddin er björt og óvenju tær ef það er haft í huga að Sigríður er 81 árs gömul. En það er tilfinningin í túlkuninni sem gerir að verkum að allir sem hlýða á söng hennar verða snortnir, í söng hennar heyrum við hinn sanna tón.“

„Í mínum huga er Sigríður gimsteinn sem hefur slípast við óblíð lífskjör,“ segir Sigmar B. Hauksson í grein í bæklingi með hljómdiskinum. „Þess vegna er túlkun hennar á íslenskum sönglögum einstök. Röddin er björt og óvenju tær ef það er haft í huga að Sigríður er 81 árs gömul. En það er tilfinningin í túlkuninni sem gerir að verkum að allir sem hlýða á söng hennar verða snortnir, í söng hennar heyrum við hinn sanna tón.“

## Söguvitund unglunga

Á árunum 1994–6 var gerð umfangsmikil könnun á söguvitund evrópskra unglunga. Hún náði til 30 samfélaga, ríkja og þjóðernisminnihluta, og þátttakendur losuðu 30 þúsund. Á Íslandi var könnunin gerð á vorönn 1995 og tóku tæplega þúsund krakkar þátt í henni.

Nýlega kom út bókinn Æska og saga, söguvitund íslenskra unglunga í evrópskum samamburði, þar sem fjallað er um svör íslensku unglunganna og þau borin saman við fjóra hópa: Skandinava, meðaltal fjögurra þjóða sem mynduðu ný ríki á 20. öld eins og Íslendingar, meðaltal þriggja Vestur-Evrópuþjóða og heildarmeðaltalið. Þá er birtur samanburður á svörum íslenskra unglunga af höfuðborgarsvæði og landsbyggð og svörum pílta og stúlkna. Áður hefur komið út á ensku yfirlit yfir könnunina í heild og einnig hefur verið gefin út svæðisbundin úrvinnsla úr henni annars staðar á Norðurlöndum.

Í bókinni má bæði í lesmáli og á handhægum stöplaritum kynna sér söguþekkingu unglunga, fortíðarsýn þeirra og framtíðaráform. Einnig má skoða viðhorf þeirra til fjölskyldunnar, þjóðar sinnar, innflytjenda, jafnréttis kynjanna og trúmála svo fátt eitt sé nefnt af því sem spurt var um. Margt í niðurstöðum vekur athygli, ekki síst hve elskulegir íslensku unglungarnir reyndust vera í samanburði við jafnaldra sína annars staðar í Evrópu eða eins og segir í bókinni: Íslenskir unglungar virðast „tiltölulega góðir og velviljaðir öllum, hlynntir lýðræði, jafnrétti, mannréttindum, þjóðræknir og trúaðir. Það hvarflar að manni að segja að þeir séu vel upp aldir.“

Bókin er gefin út í samvinnu Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands og Háskólaútgáfunnar. Höfundar hennar eru sagnfræðingarnir Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson.

## Umsjón

Silja Aðalsteinsdóttir

Skáldsögur, ljóð og greinasöfn:

# Keppt um Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs

Á miðvikudaginn verður tilkynnt hver hlýtur Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs í ár. Ellefu bækur keppa um verðlaunin að þessu sinni, tvær frá Danmörku, Norvegi, Svíþjóð, Finnlandi og Íslandi en ein frá Grænlandi. Færeyingar drógu sína tilnefndu bók til baka vegna þess að þýðanda hennar, Erik Skyum-Nielsen, tókst ekki að ljúka þýðingunni á tilsettum tíma, og dómnefndarmenn réðu ekki við færeyskuna.

Danir leggja nú fram ljóðabókina Drømmebroer eftir Henrik Nordbrandt, eitt helsta ljóðskáld sitt, en danska ljóðskáldið Pia Taftdrup fékk einmitt verðlaunin í fyrra. Einnig leggja þeir fram ritgerðasafn eins og síðast, nú ferðasögu ljóðskáldsins Thomas Boberg, Americas. Í bókinni segir hann frá ferðalögum sínum með rútum, bátum og á tveimur jafnflötum um Ameríkurnar báðar á árunum 1980–1999 en um leið lýsir hann sjálfsleit hins rótlausu nútímamanns. Thomas býr nú í Lima.

Finnar bjóða upp á heimspekilegu skáld-

söguna Faustus eftir Paavo Rintala sem lést í fyrra og ljóðabókina Tystnader eftir Peter Sandelin, eitt mesta skáld þjóðar sinnar á síðari hluta 20. aldar.

Norðmenn og Svíar leggja einnig fram þessa klassísku tvennu, skáldsögu og ljóðabók. Norska skáldsagan heitir Bikubesong og er eftir Frode Grytten. Eins og titillinn gefur til kynna eru þetta „tengdar smásögur“, 25 þættir sem allir gerast í verkamannablokk í Odda í Harðangursfirði. Lesandinn fær að skyggast inn í 24 íbúðir í blokkinni en bókinn hefst og endar í sömu íbúðinni. Svenska skáldsagan heitir Jag smyger förbi en yxa og er eftir Beate Grimrud. Þar lýsir hún í um það bil 60 stuttum köflum fátækri, barnmargri fjölskyldu á 8. áratugnum frá sjónarhóli eins barnsins, Lydiu. Sérkennilegt við Beate er að hún er norskur ríkisborgari þó að hún búi í Svíþjóð og hefðu Norðmenn allt eins vel getað lagt hana fram. Norska ljóðabókinn er Ars vivendi eftir Georg Johannesen

en Svíar leggja fram Korallen eftir eitt sitt þekktasta ljóðskáld, Katarínu Frostenson.

Grænlandingar leggja fram bókina Seeredaaq allallu (Seeredaaq og hinir), frásagnar og sagnabætti eftir Jørgen Fleischer, „grand old man“ grænlenkrar blaðamennsku; meðal annars var hann lengi ritstjóri Atuagagdlitit eða Grænlandspóststjóri.

Okkar framlög eru að þessu sinni Faðir og móðir og dulmagn bernskunnar eftir Guðberg Bergsson sem hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin 1998 og Elskan mín ég dey eftir Kristínu Ómarsdóttur sem hlaut Menningarverðlaun DV í bókmenntum sama ár.

Dómnefndarmenn okkar eru Jóhann Hjálmarsson og Sveinbjörn I. Baldvinsson. Sveinbjörn er varamaður í nefndinni og kemur inn fyrir Dagnýju Kristjánsdóttur. Verðlaunin verða afhent í Kaupmannahöfn 6. mars. Þau nema 350 þúsund dönskum krónum.

